

Föstudaginn 26. febrúar 1960.

Nr. 15/1960. Þorlákur Jónsson

gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og
Valtý Bjarnasyni, forstöðumanni
Blóðbankans.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr
prófessor.

Krafa um framlagningu sakargagns. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. janúar 1960 og hingað kominni 10. febrúar s. á. hefur sóknaraðili kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 23. janúar 1960 í máli sóknaraðilja gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja Valtý Bjarnasyni verði dæmt að afhenda til afnota í ofangreindu bæjarþingsmáli spjald það úr spjaldskrá Blóðbankans, sem vitnað er til á dómskjali 6 í nefndu máli. Svo krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Varnaraðili fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gerir þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðilja verði gert að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili Valtýr Bjarnason hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs kærumálskostnað, kr. 800.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Þorlákur Jónsson, greiði varnaraðilja

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs kærumálskostnað, kr. 800.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 23. janúar 1960.

Mál þetta hefur Þorlákur Jónsson, Baldursgötu 12 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 16. júní 1958 gegn fjármálaráðherra og heilbrigðismálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 544.313.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans, en til vara, að fjárkrafa stefnanda verði stórlega lækkuð og að málskostnaður falli niður.

Stefnandi lýsir málsatvikum á þá leið, að hann hafi um nokkurra ára skeið kennt innvortis sársauka og óþæginda. Seint á árinu 1953 hafi í ljós komið, að hann hafi verið með skeifugarnarsár, og hafi hann dvalið í sjúkrahúsi í 6 vikur á árinu 1954 af þeim sökum. Nokkru síðar hafi læknar eigi séð önnur ráð en að láta stefnanda ganga undir uppskurð. Hafi hann vistazt í Landspítalanum hinn 12. ágúst 1954, og hafi verið gerð á honum meirj háttar skurðaðgerð hinn 20. s. m. Við skurðaðgerðina hafi stefnandi fengið blóðgjöf frá Blóðbanka Íslands. Við athugun á spjaldskrá Blóðbankans síðar hafi komið í ljós, að þann sama dag var kallaður inn einn blóðgjafi (donor) til bankans í sama blóðflokki og stefnandi, en sá næsti á undan í sama blóðflokki hafi gefið blóð svo löngu áður, að blóð hans hafi verið óhæft til blóðgjafar samkvæmt reglum Blóðbankans (þ. e. a. s. meira en 21 dags gamalt). Eftir skurðaðgerðina hafi stefnanda heilsazt mjög vel eftir ástæðum, og hafi hann útskrifazt úr sjúkrahúsinu hinn 29. ágúst 1954. Rúmum mánuði síðar hafi stefnandi farið að kenna þjáninga í liðamótum og litbrigða á hörundi. Hafi hann af þessu orðið að leggjast mjög þungt haldinn í Landakotspítala, þar sem hann hafi dvalizt í 1½ mánuð. Á þessu tímabili hafi hann verið mjög illa farinn, og hafi starfsþrek hans stórlega dvínað við sjúkdóminn og sjúkrahússvistina. Eftir þetta hafi heilsa stefnanda aldrei komizt í sama horf og áður, en hann hafi þó verið talinn vinnufær að nokkru.

Stefnandi telur, að hann hafi sýkt við uppskurðinn í Landspítalanum hinn 20. ágúst 1954. Síðari sjúkdóm hans megi rekja til framangreindrar blóðgjafar. Sé því augljóst, að hann hafi við skurðaðgerðina annaðhvort fengið rangan blóðflokk eða of gamalt blóð úr réttum blóðflokki. Á mistökum þessum telur stefnandi stefndu bera fébótaábyrgð.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að engar sönnur séu fyrir því, að sjúkdóm stefnanda megi rekja til umræddrar blóðgjafar, né að mistök hafi átt sér stað við hana. Varakrafan er á því byggð, að fjárkrafa stefnanda sé allt of há.

Með bréfi, dags. 7. október 1958, óskaði lögmaður stefnanda eftir því, að forstöðumaður blóðbankans, Valtýr Bjarnason læknir, yrði með úrskurði skyldaður til að leggja fram spjald það úr spjaldskrá Blóðbankans, sem vitnað er til á dskj. nr. 6 varðandi „B. S. donor nr. 201“.

Stefnandi kom sjálfur fyrir dóm hinn 8. ágúst 1959 og tjáði það ósk sína, að framangreint gagn yrði lagt fram í málinu.

Af þessu tilefni var forstöðumaður Blóðbankans kvaddur fyrir dóminn. Forstöðumaðurinn synjaði að leggja fram spjald Blóðbankans varðandi „B. S. donor nr. 201“. Kvað hann spjald þetta hafa að geyma nafn blóðgjafans ásamt ýmsum upplýsingum blóðið varðandi og heilbrigði blóðgjafans. Byggði forstöðumaðurinn synjun sína á því, að nöfn blóðgjafans væru eigi látin í té neinum til að firra þá einstaklinga, sem af þegnskap og góðvild gefa blóð, hugsanlegum óþægindum. Hins vegar kvað forstöðumaðurinn til greina geta komið að láta í té endurrit af spjaldi þessu, að öðru leyti en því, að nafn og heimilisfang blóðgjafa verði þá ekki uppgefið.

Í lok þinghalds þess, er forstöðumaðurinn kom fyrir dóm, óskaði lögmaður stefnanda þess, að frestað yrði að sinni að úrskurða skyldu hans til að leggja umrætt gagn fram. En með bréfi, dags. 18. nóv. s.l., ítrekaði lögmaðurinn þá beiðni sína og krafðist þess, að læknirinn yrði með úrskurði skyldaður til að leggja gagn þetta fram að viðlögðum viðurlögum, er 148. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 ákveður. Var atriðið því tekið til úrskurðar.

Svo sem að framan greinir, lýsti forstöðumaður Blóðbankans yfir því, að til greina gæti komið að leggja fram fyrrgreint spjald úr spjaldskrá Blóðbankans með þeim takmörkunum, sem áður getur. Dómarinn hefur aflað afrits af spjaldi þessu, og er það nú lagt fram í málinu sem dómskjal nr. 42. Á spjaldinu er nafn blóðgjafans auðkennt með bókstöfunum „B. S.“. Kemur því ein-

göngu til þess að úrskurða um skyldu forstöðumannsins til að gefa upp nafn blóðgjafans.

Telja verður blóðgjafir svo mikilsverðan þátt í læknaaðgerðum nú á tímum, að þjóðfélagsleg nauðsyn þykir vera til þess að stuðla að því, að menn séu fúsir til blóðgjafar. Með tilliti til þessa þykir verða að fallast á rök forstöðumannsins fyrir synjun hans um að láta í té nafn hér um rædds blóðgjafa. Verður þessi krafa lögmanns stefnanda því ekki tekin til greina.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Dómsorð:

Forstöðumanni Blóðbankans, Valtý Bjarnasyni lækni, er eigi skylt að gefa upp nafn framangreinds blóðgjafa.

Föstudaginn 26. febrúar 1960.

Nr. 16/1960. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
 gegn
Þorláki Jónssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
 Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr
 prófessor.

Krafa um framlagningu sakargagns. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. janúar 1960 og hingað kominni 10. febrúar s. á. hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Reykjavíkur 23. janúar 1960 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði gert skylt að greiða kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðilja verði gert að greiða kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að